



Nefndasvið Alþingis  
b.t. Atvinnuveganefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Fjarðabyggð, 30. apríl 2015  
Tilvísun 1504148/10.0

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 74/2012 um veiðigjöld 2015-2018, 692. mál og mál 691, Umsögn til til laga um stjórn veiða á**

Bæjarstjórn Fjarðabyggðar hefur miklar áhyggjur af því að fyrirhuguð veiðigjöld muni hafa veruleg áhrif á fjárfestingar og framkvæmdir á vegum greinarinnar í sveitarfélaginu, ásamt tilflutningi á störfum milli landsvæða. Í frumvarpinu er sérstaklega bent á þetta sem ókost frumvarpsins þ.e. að „veiðigjöld geti takmarkað olbogaráymi til fjárfestinga og framkvæmda sem getur haft nokkur neikvæð áhrif til lengri tíma lítið“.

Þá tekur sveitarfélagið undir kröfu samtaka sjávarútvegssveitarfélaga um hlutdeild sveitarfélaga í veiðigjaldi og ákveðin vonbrigði að ekki er gert ráð fyrir hlutdeild sveitarfélaga í þeim tekjum sem koma til ríkisins vegna þessa sérstaka gjalds. Mikilvægt er að sveitarfélagið hafi aukin framlög af innheimtu veiðigjalda m.a. til mótvægisáðgerða til að minnka áhrif lagabreytinga og hagræðingarkrafna í sjávarútvegi á búsetu í sjávarbyggðum m.a. vegna álagningar veiðigjaldsins.

Bæjarstjórn Fjarðabyggðar hvetur núverandi stjórnvöld til aukins samráðs við sveitarfélög og fyrirtæki áður en frumvarp sem þetta er lagt fram.

Varðandi mál 691, frumvarp til laga um stjórn veiða á Norðaustur-Atlantshafsmakríl (tímabundnar aflaheimildir) hvetur sveitarfélagið til þess að við gerð frumvarpsins séu höfð til hliðsjónar þau sjónarmið um að sem mest verðmæti verði til í greininni.

Virðingarfyllt,  
f.h. bæjarstjórnar Fjarðabyggðar



Páll Björgvin Guðmundsson  
Bæjarstjóri Fjarðabyggðar

